

Nd.

289. Þingsályktun

um rýmkun á innflutningsleyfi fyrir sauðfé.

(Afgreidd frá Nd. 29. marz).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka fyrir næsta Alþingi, hvort eigi sé unnt að rýmka ákvæði laga nr. 27, 8. sept. 1931, um innflutning sauðfjár til sláturfjærbóta, þannig, að einstökum mönnum verði, með leyfi ráðuneytisins, heimiluð stofnfjærrækt hinna erlendu kynja, en þó megi haldast fullt öryggi um það, að ekki flytjist til landsins sjúkdómar með hinu innflutta fé.